

# Fundargerð 420. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, miðvikudaginn 26. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Björn Arnaldsson og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Viðræður við fulltrúa Vegagerðarinnar - 1912001HA

Bergþóra Þorkeldsdóttir, Fannar Gíslason og Magnús Valur Jóhannsson komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið innan stofnunarinnar þegar kemur að hafnamálum. M.a. var rætt um aukna áherslu á gunnrannsóknir, breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar, stefnumótun í hafnamálum, þörf á einföldun á regluverki varðandi ýmsar hafnaframkvæmdir, aðgengi hafna að gögnum í vörslu Vegagerðarinnar o.fl. Ákveðið var að fulltrúar hafnasambandsins og Vegagerðar hittist í smærri hópi til undirbúnings frekari samræðum.

### 2. Fundargerð 419. fundar - 1909002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 419. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. janúar 2020.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 3. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Lagt fram vinnuskjal fræðslunefndar varðandi tillögur að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður í Ólafsvík 24.-25. september 2020.

*Fræðslunefnd falið að vinna áfram að undirbúningi.*

### 4. Kórónasmit og sóttvarnaráætlun - 2001002HA

Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til aðildarhafna hafnasambandsins, dags. 30. janúar 2020, um kórónasmit og sóttvarnaráætlun. Gerð var grein fyrir frekari fundarhöldum varðandi stöðu mála.

### 5. Endurtilnefning í mengunarvarnaráð - 1809004HA

Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 30. janúar 2020, þar sem Halldór Karl Hermannsson, hafnarstjóri Reykjaneshafna, er tilnefndur í mengunarvarnaráð í stað Bryndístar Sigurðardóttir, sem látið hefur af störfum sem sveitarstjóri á Tálknafirði.

**6. Siglingaráð - 1712003HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 21. fundar siglingaráðs frá 5. desember 2019.

**7. Kynning á fundi verkefnastjórnar og samráðshóps um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni - 1801008HA**

Lögð fram til kynningar glærुकynning fundar verkefnastjórnar og samráðshóps um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni, dags. 7. febrúar 2020.

**8. Fundur vegna samgönguáætlunar - 1912002HA**

Formaður gerði grein fyrir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna samgönguáætlunar.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson